



Egilsstaðaskóli

Sjálfsmatsskýrsla

2024 - 2025



Gleði - virðing - metnaður

Sjálfsmatsskýrsla Egilsstaðaskóla

Inngangur	bls. 3
Skólinn	bls. 4
Viðfangsefni mats á skólastarfi	bls. 5
Kannanir	bls. 6
○ Skólapúlsinn í 2. – 5. bekk	bls. 7
○ Skólapúlsinn í 6. – 10. bekk	bls. 9
○ Íslenska æskulýðsrannsóknin	bls. 11
○ Skólapúlsinn - Foreldrar og forráðamenn	bls. 13
○ Starfsfólk	bls. 16
Próunarstarf og verkefni	bls. 18
Mat á stöðu nemenda	bls. 20
Samstarf við aðila utan skólans	bls. 24
Samantekt	bls. 25

Fylgiskjal 1

Matsáætlun innra mats í Egilsstaðaskóla

Fylgiskjal 2

Úrbótaáætlun vegna matsskýrslu 2024 – 2025

Fylgiskjal 3

Mat á úrbótaáætlun vegna skólaársins 2023 - 2024

Forsíðumyndin er mynd af verkefnum barna í Egilsstaðaskóla

Inngangur

Skólastarf er í sífelldri þróun og byggir meðal annars á mati á framkvæmd starfsins og stöðugu umbótastarfi. Í 35. og 36. grein grunnskólalaga er tiltekið að öllum grunnskólum ber að hafa kerfisbundið sjálfsmat. Á hverju skólaári er safnað gögnum og upplýsingum frá nemendum Egilsstaðaskóla í 1. – 10. bekk, foreldrum og forsjáðilum og starfsfólki skólans. Kannanir Skólapúlsins eru lagðar fyrir en auk þess svara nemendur öðrum könnunum. Íslenska æskulýðsrannsóknin er lögð árlega fyrir nemendur í 4. – 10. bekk og Ungt fólk (Rannsóknir og greining) er sömuleiðis lögð fyrir nemendur í 8. – 10. bekk á hverju ári. Að auki er upplýsingum safnað með öðrum hætti s.s. í starfsmannasamtölum, í mati á viðburðum og verkefnum sem skólinn stendur fyrir, í mati á frammistöðu nemenda t.d. í lestri svo dæmi séu nefnd.

Egilsstaðaskóli var einn 26 grunnskóla sem lögðu stöðu- og framvindupróf í lesskilningi og stærðfræði fyrir nemendur í 4. – 10. bekk, svokallaðan matsferil. Þessi fyrirlögn var síðasta skrefið í að ljúka stöðlun prófanna sem verða lögð fyrir í öllum skólum á næsta skólaári.

Nemendur í 10. bekk þreyttu PISA könnun í mars en PISA er lagt fyrir á þriggja ára fresti. Áherslur í könnuninni voru á almennan lesskilning, læsi á náttúrufræði og stærðfræði en auk þess var metin færni nemenda í stafrænu umhverfi. Kennarar í náttúrugreinum og stjórnendur svöruðu viðamiklum spurningalistum um kennsluaðferðir og kennsluhætti.

Áhersla er á öflugt þróunarstarf í Egilsstaðaskóla og unnið er að innleiðingu á leiðsagnarnámi, *Uppeldi til ábyrgðar og Heillasporum*. Skólinn hefur fengið vottun sem Byrjendalæsissskóli eftir úttekt frá starfsfólki Háskólans á Akureyri. Nokkrir kennarar við skólann tóku auk þess þátt í þróunarverkefnum, annars vegar verkefni í samstarfi við Menntavísindasvið HÍ, Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar og Múlaþing sem hefur það að markmiði að þróa leiðir fyrir kennara til að auka gæði kennslu með notkun myndupptöku úr kennslustundum og markvissum spurningaramma. Hins vegar var Erasmus-verkefni um þróun útikennslu en mikill áhugi hefur verið meðal kennara skólans á að auka vægi útikennslu í skólastarfinu.

Í skólastarfi er stöðugt verið að leita nýrra leiða til að koma sem best til móts við mismunandi þarfir nemenda, námslega og félagslega. Upplýsingar, sem er aflað fyrir innra mat, eru nýttar til umbóta og þróunar til hagsbóta fyrir alla aðila skólasamfélagsins.

Samskiptateymi og stjórnendur héldu utan um vinnu við sjálfsmat skólaárið 2024 – 2025.

Skólinn

Egilsstaðaskóli hefur starfað síðan 1945 þegar þéttbýli var stofnað á Egilsstöðum. Skólinn er heildstæður grunnskóli fyrir börn í 1. – 10. bekk, sem búa á Egilsstöðum, Völlum, Skriðdal, í Eiða- og Hjaltastaðapinghá.

Grunngildi skólans eru gleði, virðing og metnaður. Í skólastarfinu er lögð sérstök áhersla á virka nemendur, teymiskennslu og list- og verkgreinar.


Skólahúsnæðið er í grunninn frá 1957 en hefur tekið miklum breytingum. Í dag eru 24 kennslustofur auk sérgreinastofa. Öll rými í húsinu eru nýtt þar sem aukin þörf er á sérrýmum fyrir nemendur og aðstöðu fyrir smærri námshópa.

Frístund er starfrækt í Friðheimum, kennslustofu á 2.hæð sem tengd er við bókasafn skólans. Einnig nýtir Frístund matsal skólans, fyrirlestrasal og útsvæði. Hún er í boði fyrir börn í 1. – 4. bekk en engin skilgreind aðstaða er fyrir starfsemina í húsinu. Í vetur voru 89 börn skráð í Frístund og er breytilegt hvort börnin eru í morgun- og/eða síðdegisgæslu.

Tónlistarskólinn á Egilsstöðum starfar í húsnæði Egilsstaðaskóla.

Vorið 2025 eru 429 nemendur í skólanum og hefur þeim fjölgað nokkuð síðustu ár en vorið 2019 voru 365 börn í skólanum. Innan við 10% nemenda er af erlendum uppruna (báðir foreldrar af erlendum uppruna og börnin tví- /prítyngd). Mun fleiri nemendur eru tvítyngdir þar sem annað foreldri er af erlendum uppruna eða börnin alin upp í öðrum löndum. Nemendur í Egilsstaðaskóla tala m.a. pólsku, þýsku, moldovsku, indonesísku, rússnesku, litháísku, serbnesku svo dæmi séu tekin.

Árgangur	Fjöldi nemenda	Árgangur	Fjöldi nemenda
1. bekkur	48	6. bekkur	42
2. bekkur	36	7. bekkur	38
3. bekkur	58	8. bekkur	38
4. bekkur	47	9. bekkur	37
5. bekkur	43	10. bekkur	38



Nemendum í Egilsstaðaskóla hefur fjölgað jafnt og þétt undanfarin ár og árgangar hafa verið að stækka. Fjölmennustu árgangar skólans er 1. bekkur með 48 nemendur og 3. bekkur með 58 nemendur. Fámennastur er 2. bekkur með 36 nemendur.

Í dreifbýli búa 24 nemendur og er skólaakstur af svæði sem er skilgreint skólahverfi Egilsstaðaskóla, þ.e. austan Lagarfljóts.

Í mötuneyti Fljótsdalshéraðs, sem staðsett er í Egilsstaðaskóla, eru eldaðar máltíðir fyrir grunn- og leikskóla sem staðsettir eru á Egilsstöðum og í Fellabæ, hátt í 900 máltíðir á dag.

Innleiðing á uppeldisstefnunni **Uppeldi til ábyrgðar** stendur yfir og því unnið að forvörnum og viðbrögðum við einelti í samræmi við verkferla þeirrar hugmyndafræði. Innleiðing leiðsagnarnáms hefur staðið yfir sl. ár.

Síðastliðið haust fór allt starfsfólk skólans á námskeið um **Heillaspor** með leiðbeinendum frá Miðstöð menntunar og skólaþjónustu. Heillaspor er heildræn nálgun hugsuð til að styðja við farsæla þátttöku barna í skóla- og frístundastarfi. Heillaspor byggir á tengsla- og áfallamiðaðri nálgun og er þróað og staðfært að íslenskum aðstæðum með samningi við Nurture International í Bretlandi.

Starfsmenn skólans í vetur hafa verið rétt um 100 en nokkrir voru ráðnir tímabundið í lágt stöðuhlutfall vegna forfalla. Stöðugildi í skólanum eru alls í kringum 89 sem skiptast þannig að tæp 59 stöðugildi eru í kennslu og tæp um 30 stöðugildi almenns starfsfólks.

Viðfangsefni mats á skólastarfi 2024 - 2025					Stefna og markmið	Nám og kennsla	Námsmat	Viðmót og menning	Nemendur	Mannauður	Aðbúnaðar	Stjórnun	Ytri tengsl	Annað
Matsþáttur / hvað kannað		Matsaðilar	Hvenær	Þátttakendur										
Skólapúlsinn	Nemendakönnun; Ánægja af lestri, ánægja með skólann, vellíðan í skólanum.	Skólapúlsinn	október	Nemendur í 2. – 5. bekk.		x			x					
	Nemendakönnun; Virkni, líðan og heilsa, skóla og bekkjarandi.	Skólapúlsinn	Deilt á 4 skipti yfir veturinn / apríl	Nemendur úr 6.-10. bekk.		x		x	x					
	Foreldrakönnun; Nám og kennsla, velferð nemenda, aðstaða og þjónusta, foreldrasamstarf, heimastuðningur.	Skólapúlsinn	febrúar	Úrtak foreldra af öllum stigum skólans		x		x		x	x			
	Starfsfólk; Starfið, vinnustaðurinn, stjórnun. Kennarar: Starfið, starfið, vinnustaðurinn, stjórnun, starfsumhverfi kennara.	Skólapúlsinn	Mars	Allt starfsfólk svarar könnun í mars.				x		x	x	x		
Íslenska æskulýðsrannsóknin	Menntun (lestur, líðan), heilsa og vellíðan (lífsánægjukvarðinn, hreyfing), öryggi og vernd (slagsmál, einelti), þátttaka og félagsleg tengsl (vinir, tómstundir), lífsgæði og félagsleg staða (efnhagur, fjölskyldulíf).	Háskóli Íslands framkvæmir fyrir Mennta- og barnamálaráðune ytið (skólinn fær ítarlega skýrslu)	Febrúar / mars	Nemendur í 4.- 10. bekk				x	x					
Ungt fólk	Vímuefni, foreldrar & fjölskylda, skóli, íþróttir /skipulagt starf, heilsa og líðan, frítími.	Rannsóknir og greining (ekki niðurbrotið eftir skólum)	febrúar	Nemendur í 8. – 10. bekk					x					
Starfsmanna-samtöl	Allir starfsmenn eru boðaðir í starfsmannasamtal til stjórnenda.	Stjórnendur	Mars- maí	Allir starfsmenn	x			x		x	x			

Lesfimi – Orðarún Ýmsar skimanir	Skimunartextar Lesfimi og Orðarúnar eru lagðir fyrir yfir veturinn. Aðrar skimanir eru lagðar fyrir ákveðna árganga s.s. Logos	Umsjónark. Sérkennarar Kennsluráðgjafi	Október Janúar apríl maí	Nemendur		x			x							
Matsferill	Stöðu- og framvindupróf í lesskilningi og stærðfræði. Prófin eru í þróun og voru lögð fyrir nemendur í 4. – 10. bekk í 26 skólum.	Miðstöð menntunar og skólaþjónustu / kennarar	Mars/apríl	Nemendur í 4. – 10. bekk			x		x							
PISA	Alþjóðleg könnun á hæfni og getu 15 ára nemenda í lesskilningi, læsi á náttúruvísindi og stærðfræði.	Mennta- og barnamálaráðu neyti	Febrúar	Nemendur í 10. bekk			x		x							
Ýmsir viðburðir; frankvæmdamat	Ýmsir viðburðir í skólanum; árshátíðir, uppbrotsdagar	Stjórnendur, kennarar	Allt skólaárið	Kennarar, annað starfsfólk	x				x						x	

Kannanir

Kannanir Skólapúlsins hafa verið nýttar til upplýsingaöflunar í Egilsstaðaskóla um árabíl. Nemendur í 2. – 10. bekk svara Skólapúlsinum og um 120 foreldrar og forsjáraðilar eru beðnir um að svara Skólapúlsinum. Könnunin er send til alls starfsfólks síðla vetrar. Upplýsingarnar sem fást í þessum könnunum nýtast við gerð úrbótaáætlunar fyrir komandi ár. Flestar tölur eru gefnar upp á stöðluðum skala (svk.staðalniður) með meðaltalið 5 og staðalfrávik 2. Munur upp á 1,0 stig telst talsverður munur. Einnig er mælt í prósentum.

Könnun	Þátttakendur	Lagt fyrir	Fjöldi þátttakenda	Fjöldi svarenda	Svarhlutfall
Skólapúlsinn	Nemendur 2.-5. b	Október	182	177	97,3%
Skólapúlsinn	Nemendur 6.-10.b	4x ¼	197	176	89,3%
Skólapúlsinn	Starfsmenn	Mars	91	72	79,1%
Skólapúlsinn	Foreldrar	Febrúar	121	101	83,5%

Skólapúlsinn í 2.- 5. bekk

Skólapúlsinn er lagður fyrir nemendur í 2.- 5. bekk einu sinni á skólaárinu. Nemendur taka könnunina í ípad og svara 14 spurningum með því að merkja við tákn. Þættir sem eru kannaðir eru ánægja af lestri, ánægja með skólann og vellíðan í skólanum. Sýndar eru niðurstöðutölur úr könnuninni sem sýna stöðu Egilsstaðaskóla í samanburði við sambærilega skóla á landinu, breytingu milli ára í skólanum og mismun á niðurstöðum hér og yfir landið.



Matsþáttur	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
Samanteknar niðurstöður úr undirliggjandi spurningum	Í Egilsst. sk. Mælt í staðalnú þar sem 5 er hæst og staðalfrávik 2	Fjöldi nemenda sem tekur könnunina í E.	Breyting milli ára innan skólans Grænt – jákvæð breyting Rautt – neikvæð breyting	Niðurstaða í samanburðarskólum	Fjöldi svarenda í samanburðarskólum	Mismunur á niðurstöðum Egilsstaðaskóla í samanburði við aðra sambærilega skóla á landinu

1. Ánægja af lestri

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja af lestri 2.b	5,0	33	0,5	5,0	1.220	0,0
1.2. Ánægja af lestri 3.b	4,4	51	-0,4	5,2	1.201	-0,8*
1.3. Ánægja af lestri 4.b	3,5	45	-0,7	4,7	1.204	-1,2*
1.4. Ánægja af lestri 5.b	4,1	42	0,6	4,5	1.295	-0,4
1.5. Ánægja af lestri 2.-5.b	4,2	171	-0,1	4,8	4.932	-0,6*



Ánægja af lestri eykst nokkuð í tveimur árgöngum en dalar í tveimur. Á heildina litið dalar því ánægja af lestri í 2. – 5. bekk milli ára.

Á liðnu skólaári var áhersla á að auka lestraránægju barna í skólanum með ýmsum hætti. Bókasafn skólans var eftt og uppsetningu safnsins breytt þannig að sérstakt svæði var hugsað fyrir nemendur á yngsta stigi. Þar var reynt að bæta aðstöðuna og gera hana meira aðlaðandi. Börn í Frístund höfðu aðgang að bókasafninu og gátu þannig varið hluta af tíma sínum eftir skóla á bókasafninu. Unnið var að því að uppfæra bókakost heimalestrarbóka og verður því haldið áfram á næsta skólaári. Lestrarhópar og valhópar á yngsta stigi voru á bókasafninu og bókavörður kom með kynningar á nýjum bókum í alla hópa.

Það er mikils um vert að styðja við börn í lestrarnámi og nauðsynlegt að vinna stöðugt að því að auka ánægju af lestri.

2. Ánægja með skólann

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Ánægja með skólann 2.b	5,5	31	0,6	5,3	1.219	0,2
2.2. Ánægja með skólann 3.b	4,8	51	-0,1	5,3	1.200	-0,5*
2.3. Ánægja með skólann 4.b	4,5	45	0,3	5,0	1.207	-0,5*
2.4. Ánægja með skólann 5.b	3,9	43	-0,7	4,8	1.295	-0,9*
2.5. Ánægja með skólann 2.-5.b	4,6	170	-0,1	5,1	4.933	-0,5*

Ánægja með skólann breytist lítið frá fyrra ári en ánægjulegt er að sjá aukna ánægju barna í 2. bekk og sömuleiðis 4. bekk. Í heildina er ánægja barna í Egilsstaðaskóla með skólann þó undir landsmeðaltali.

3. Velliðan í skólanum

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Velliðan í skólanum 2.b	5,7	29	0,8	5,3	1.218	0,4
3.2. Velliðan í skólanum 3.b	5,5	52	0,5	5,5	1.204	0,0
3.3. Velliðan í skólanum 4.b	4,6	45	0,7	4,9	1.200	-0,3
3.4. Velliðan í skólanum 5.b	4,1	43	-0,7	4,7	1.295	-0,6*
3.5. Velliðan í skólanum 2.-5.b	4,9	169	0,3	5,1	4.929	-0,2

Nokkrar breytingar verða á líðan barna í 2. – 5. bekk milli ára, marktækt til bóta í þremur árgöngum. Aðeins í 5. bekk minnkar velliðan frá fyrra ári. Þegar allir árgangar eru teknir saman er skólinn lítið eitt undir landsmeðaltali.



Styrkleikar	Veikleikar
77,7% barna finnst frekar eða mjög skemmtilegt að lesa í skólanum	22,5% barna finnst ekki margt vera spennandi í skólanum.
90,5% barna segjast oft eða stundum vera hamingjusöm í skólanum og 86,4% barnanna finnst þau stundum / oft hafa gaman af mörgu.	Um þriðjungi barna finnst sögur sem eru lesnar í lestrarkennslu frekar eða mjög leiðinlegar.
Velliðan í þremur árgöngum af fjórum batnar marktækt milli ára og líðan barna í 2. – 5. bekk er svipuð og í samanburðarhópum.	Í kringum 40% barna í 3. – 5 bekk finnst mjög eða frekar leiðinlegt að lesa sér til gamans heima og svipað hlutfall nemenda eða herra finnst frekar eða mjög leiðinlegt að lesa skólabækurnar sínar.

Skólapúlsinn í 6. – 10. bekk

Í könnun Skólapúlsins eru kannaðir eftirfarandi þættir: Virkni nemenda, líðan og heilsa og skóla- og bekkjarandi. Í könnuninni er spurt um notkun snjallsíma í skólanum en vert er að nefna að Egilsstaðaskóli varð símalaus skóli í byrjun ársins 2024.


1. Virkni nemenda í skólanum

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja af lestri	4,2	163	0,2	4,2	19.656	0,0
1.2. Þrautseigja í námi	4,2	173	0,1	4,5	19.793	-0,3*
1.3. Áhugi á stærðfræði	4,1	173	0,3	4,5	20.045	-0,4*
1.4. Ánægja af náttúrufræði	3,7	173	0,1	4,3	19.985	-0,6*
1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi	4,3	173	0,2	4,4	19.737	-0,1
1.6. Trú á eigin námsgetu	4,6	172	0,0	4,8	19.976	-0,2
1.7. Hlutfall nemenda með snjallsíma	49,4%	79/160	-22,1%	78,9%	15071/19452	-29,5%*
1.8. Símanotkun á skólatíma	0,1 klst.	79	-0,3 klst.	0,5 klst.	15.018	-0,4 klst.*


Í könnuninni eru jákvæðar breytingar þó ekki dugi þær til að skólinn komist á sama stað og samanburðarhópar í nokkrum mælipáttum. Ánægja af lestri eykst lítillega og er nú sú sama og hjá samanburðarhópum. Áhugi á stærðfræði er undir landsmeðaltali en hefur þó aðeins aukist og þá meðal stelpna. Áhugi á náttúrufræði er áfram minni en hjá samanburðarhópum.


Egilsstaðaskóli er símalaus skóli og nemendur ættu því ekki að vera með snjallsíma á skólatíma. Það sást greinilega í fyrstu úrtökum Skólapúlsins í október og desember en síðan hækkaði hlutfall þeirra sem sögðust vera með síma í skólanum og var í lok árs komið í 65% úr því að vera 35,7% í fyrstu mælingu. Á þessu geta verið ýmsar skýringar s.s. að kennarar hafi í byrjun gengið fastar eftir því að nemendur skiluðu sínum í símax sem var komið með á hverjum morgni í 7. – 10. bekk. Ekki voru sett bein viðurlög við því að vera með síma og það látið átölulaust ef nemendur voru með símana í vösum eða í töskum. Mesti árangurinn við símafríð er sá að nemendur eru nú ekki með símana uppivið í kennslustundum og síminn tekur því ekki athygli þeirra frá námi. Notkunin hefur verið einhver í frímínútum en flestir nemendur reyna þó að fara eftir reglunum og láta ekki sjá sig með símana í skólanum.

1.7. Hlutfall nemenda með snjallsíma – Innan skólaárs*




1.8. Símanotkun á skólatíma – Árgangamunur*





Nemendur í Egilsstaðaskóla hafa svipaða trú á eigin getu og stjórn á eigin lífi og samanburðarhópar. Tíðni eineltis mælist eilítið hærra en yfir landið og það birtist helst meðal stráka á miðstigi. Þeir sem svara þessum hluta könnunarinnar finnst helst að *einhver sé að baktala þá* (um 40%).

Ánægja er með máltíðir í mötuneyti og alls eru um 95% nemenda í föstu fæði í skólanum. Skólamáltíðir urðu gjaldfrjálsar á þessu skólaári en hlutfall nemenda sem hafa verið í mataráskrift í skólanum hefur verið mjög hátt.



Nemendur í 6. – 10. bekk samsama sig betur við nemendahópinn en samanburðarhópar og tæp 87% svarenda telja sig *tilheyra hópnum*. Nemendum semur almennt vel við kennara og um 80% eru sammála / mjög sammála fullyrðingu um að *flestir kennarar séu áhugasamir um að nemendum líði vel*.

3. Skóla- og bekkjarandi

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Samsömun við nemendahópinn	5,0	168	0,3	4,8	19.453	0,2
3.2. Samband nemenda við kennara	4,7	165	0,1	4,8	19.648	-0,1
3.3. Agi í tímum	4,6	164	0,2	4,8	19.629	-0,2
3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum	4,9	162	0,4	4,8	19.500	0,1
3.5. Tíðni leiðsagnarmats	4,7	160	0,0	4,8	19.529	-0,1

Um 20% segja að nemendur *byrji ekki að vinna fyrir en langt sé liðið á kennslustund* í flestum eða öllum tímum. Greina má framför í nokkrum þáttum könnunarinnar milli ára enda hefur verið unnið að ýmsum úrbótaáðgerðum varðandi það að auka áhuga nemenda á námi (lestri / stærðfræði / náttúrufræði) og til að bæta líðan og samskipti innan skólans (sjá skýringar í umbótaáætlun fyrir skólaárið 2023 – 2024). Verkefni voru sett af stað til að ná betri tókum á nemendahópnum (Verkfærakista KVAN) og mikil áhersla lögð á að styrkja hópana og draga úr neikvæðri hegðun. Vanda Sigurgeirsdóttir var fengin til aðstoðar vegna tveggja árganga en þar voru sett af stað verkefni, annarsvegar fyrir allan árganginn og hins vegar vinna með lítinn hóp þar sem áhersla var á að styrkja einstaklinga og styðja við jákvæða hegðun.

Styrkleikar	Veikleikar
Nemendur telja sig hafa stjórn á eigin lífi og líður almennt vel í skólanum.	Áhugi á náttúrufræði er undir landsmeðaltali.
Hlutfall nemenda með síma í skólanum og sem nota símann í skólanum minnar umtalsvert.	Tíðni eineltis meðal stráka er heldur meiri en árið áður
Ánægja af lestri eykst þannig að hún mælist jöfn og hjá samanburðarhópum.	Tæp 40% svarenda segja að kennarinn þurfi að að bíða lengi eftir að nemendur róist í flestum eða öllum tímum.

Íslenska æskulýðsrannsóknin

Íslenska æskulýðsrannsóknin er framkvæmd af Menntavísindasviði HÍ fyrir Mennta- og barnamálaráðuneytið og er lögð fyrir árlega í 4. – 10. bekk. Alls svöruðu 239 nemendur ÍÆ í 4. – 10. bekk í Egilsstaðaskóla eða um 84%.

Þar er spurt út í suma af þeim þáttum sem Skólapúlsinn kannar. Spurningar varðandi lestur og lestrarefni eru þó mun ítarlegri, spurt er um þreytu og heilsutengd atriði, s.s. höfuðverk, magaverk ofl. Könnunin samanstendur af 5 köflum; Menntun, heilsa og vellíðan, öryggi og vernd, þátttaka og félagsleg tengsl, lífsgæði og félagsleg staða. Í könnuninni er spurt um notkun vímuefna sem ekki er gert í Skólapúlsinum. Þar sem framsetning spurninganna er önnur en í Skólapúlsinum er ekki farið í samanburð milli þessara rannsókna en hvert árgangateymi skoðar niðurstöðurnar og nýtir það til úrbóta í sínu starfi.


Sérstaka athygli vekur svör við spurningunni um hvort *nemendum finnst þeir vera þreyttir í skólanum*. Svörun nemenda í 5. bekk sker sig úr og er ástæða til að kanna þetta atriði nánar á komandi skólaári.

Aðrir hópar skera sig ekki úr hvað þetta varðar og eru jafnvel nokkuð undir samanburðarhópum.

6.-10.bekkur

Spurning: „Hve oft finnst þér þú vera þreytt(ur) í skólanum?“


Hlutfall sem velur svarmöguleikana „Næstum alla skóladaga“ eða „Flesta skóladaga“



4. og 5. bekkur

Spurning: „Finnst þér þú vera þreytt(ur) í skólanum?“


Hlutfall sem velur svarmöguleikann „Oft“




6.-10.bekkur

Spurning: „Hvenær ferðu yfirleitt að sofa þegar það er skóli daginn eftir?“

Hlutfall sem velur svarmöguleikana „00:00“ „00:30“ „01:00“ „01:30“ eða „02:00“



Hafa oft fundið fyrir höfuðverk



Þegar skoðuð er skipting milli kynja þá eru 34% strákanna sem finna fyrir þreytu á móti 20% stelpna. Á landinu segjast 26% stráka finna oft fyrir þreytu. Mun fleiri strákar í 4. og 5. bekk finna oft fyrir höfuðverk og má velta fyrir sér hvort þarna sé eitthvert sambengi.



Spurt er út í svefntíma og umhugsunarefni hve seint margir nemendur virðast fara að sofa. Á elsta stigi virðst strákar fara mun seinna að sofa en stelpurnar og þeir virðast einnig eiga erfiðara með að sofna en stelpurnar. Þessi svör og mörg önnur í *Íslensku æskulýðsrannsókninni* eru mikilvæg fyrir kennara til að vinna með í nemendahópunum og nauðsynlegt að reyna að greina betur ástæður þreytu og líkamlegra óþæginda sem börn finna fyrir.

Rannsóknin *Ungt fólk* er lögð annað hvert ár fyrir nemendur í 8. – 10. bekk. Alls svöruðu 88 nemendur í Egilsstaðaskóla spurningum í rannsókninni. Niðurstöður eru jákvæðar hvað varðar vímuefnaneyslu en engir nemendur hafa reykt, notað munn- eða neftóbak, reykt kannabis eða notað nikótínþúða. 3,6% svarenda í 10. bekk hafa drukkið áfengi sl. 30 daga, 7,4% í 10. bekk og 3,3% í 9. bekk hafa verið ölvuð einhverntímann um ævina. Nemendur í Egilsstaðaskóla hafa ekki neytt annarra vímuefna sem spurt er um (amfetamín, E-töflur o.mfl.). Áhugavert er að skoða breytingu sem hefur orðið frá könnuninni 2023, t.d. varðandi afstöðu nemenda til þess hvort nám er tilgangslaut o.fl.

Tafla 11. Hlutfall nemenda í 8. til 10. bekk sem segja að neðangreindar staðhæfingar um nám og skóla, eigi oft eða nær alltaf við um þau.


	Egilsstaðaskóli		Múlaþing		Heild	
	2023	2025	2023	2025	2023	2025
Mér finnst námið tilgangslaust	35.9%	13.6%	30.2%	13.1%	16.6%	14.1%
Mér leiðist námið	56.5%	31.0%	49.7%	35.0%	35.5%	35.5%
Mér finnst ég hafa góðan vinnufrið í kennslustundum til að sinna náminu	50.0%	41.9%	43.5%	39.9%	47.8%	51.0%
Mér finnst ég fá alla þá aðstoð við námið sem ég þarfnast frá kennurunum mínum	56.0%	48.2%	60.6%	51.4%	53.2%	53.8%
Mér finnst ég illa búin(n) undir kennslustundir	21.7%	16.5%	20.5%	14.2%	15.0%	14.1%
Mér finnst ég ekki leggja nægjanlega rækt við námið	26.4%	13.1%	23.1%	19.1%	19.5%	19.6%
Mér finnst námið of létt	14.1%	12.8%	14.1%	9.1%	11.0%	9.2%
Mér finnst námið of þungt	40.2%	19.8%	31.2%	18.2%	25.0%	25.8%
Mig langar að hætta í skólanum	31.9%	16.3%	27.1%	15.4%	15.9%	13.5%
Mig langar að skipta um skóla	15.2%	5.8%	20.5%	7.0%	11.7%	9.7%
Mér finnst að kennurunum líki vel við mig	47.3%	57.1%	54.1%	56.4%	54.7%	57.6%
Mér semur illa við kennarana	13.3%	4.8%	12.0%	7.9%	9.8%	7.4%
Mér finnst námið mikilvægt	47.8%	68.6%	51.2%	65.7%	64.8%	70.7%
Mér líður vel í skólanum	55.4%	70.9%	55.6%	69.2%	64.7%	69.5%
Mér líður vel í frímínútum	70.7%	80.2%	68.4%	79.0%	76.9%	80.0%
Mér líður vel í hádegishléinu	68.5%	77.9%	69.6%	80.4%	77.4%	80.0%


Samkvæmt svörum er andleg líðan nemenda betri en árið 2023. Fleiri nemendum finnst námið mikilvægt, líður betur í skólanum og færri nemendum finnst námið tilgangslaust.

Skólalúpsinn – Foreldrar og forráðamenn

Betri svörun var í foreldrahluta Skólalúpsins en á síðasta skólaári eða 83,5% af þeim 121 sem fengu könnunina senda. Meirihluti svarenda eru foreldrar barna á yngsta stigi og 6% svarenda svara könnuninni á ensku eða pólsku.

Í spurningum sem varða velferð nemenda eru bæði jákvæðar breytingar en einnig atriði sem þarfnast nánari skoðunar innan skólans.





Ánægja með stjórnun skólans eykst milli ára og 97,8% svarenda telja að skólanum sé vel stjórnað. Eins og í könnunum undanfarinna ára þykir foreldrum agi í skólanum ekki nægilegur, bæði foreldrar stráka og stelpna. Um 43% svarenda finnst agi of lítill en þó er nokkur breyting til batnaðar milli ára hvað þetta atriði varðar.

Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda minnkar frá fyrra ári en er þó yfir landsmeðaltali. Að mati foreldra er líðan nemenda í skólanum verri en í síðustu könnun. Um 27%

Hversu vel eða illa telurðu að barninu líði almennt...




foreldra telja að barni þeirra líði mjög vel og 59,4% frekar vel en 13,5 svarenda telja að barni þeirra líði frekar illa.

Líðan nemenda er betri en áður að mati foreldra en þó nokkuð undir landsmeðaltali.

Líðan barna á elsta stigi er betri en samanburðarhópa en líðan barna á miðstigi nokkuð verri. Það er reyndar í samræmi við svörin í bæði Skólapúlsinum og ÍÆ og full ástæða til að greina betur hvað liggur að baki því að börnum í 5. – 7. bekk í líður verr en öðrum.


2.3. Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt – Árgangar*




Fjöldi foreldra og forsjáraðila sem vilja banna snjallsíma í skólum eykst milli ára.

Færri eineltistilvik komu upp á skólaárinu og ánægja foreldra með úrvinnslu þeirra jókst.

2.7. Hlutfall eineltistilvika sem tilkynnt voru til skólans – Röðun



2.8. Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum – Röðun



Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur	4,6	91	-0,1	4,8	5.015	-0,2
2.2. Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda	89,2%	83/93	-0,9%	88,5%	4625/5228	0,7%
2.3. Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt	86,5%	83/96	-2,5%	92,0%	5114/5563	-5,5%*
2.4. Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra almennt	87,5%	84/96	-1,5%	91,1%	5043/5543	-3,6%
2.5. Líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra almennt	86,3%	82/95	3,0%	90,1%	4965/5503	-3,8%
2.6. Umfang eineltis á þessu skólaári að mati foreldra	11,5%	11/96	1,9%	9,0%	490/5398	2,5%
2.7. Hlutfall eineltistilvika sem tilkynnt voru til skólans	75,0%	12/16	-8,3%	85,3%	823/953	-10,3%
2.8. Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum	80,0%	8/10	30,0%	57,7%	502/844	22,3%
2.9. Ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum	72,7%	8/11	28,3%	56,2%	473/833	16,5%
2.10. Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans	77,8%	42/54	10,2%	77,1%	2216/2892	0,7%
2.11. Meðaltímabil eineltis	1,7	16	-0,8	1,5	949	0,2
2.12. Staðir innan skólans sem einelti á sér stað	-	16	-	-	-	-
2.13. Hlutfall foreldra sem vilja banna snjallsíma í grunnskólum	50,5%	47/93	8,0%	44,5%	2487/5357	6,0%

Sá tími sem foreldrar og forsjáraðilar í Egilsstaðaskóla verja við að aðstoða börn sín eykst umtalsvert milli ára en er samt sem áður mun minni en samanburðarhópa. Foreldrar stelpna aðstoða síður við heimanám en foreldrar stráka. Um 25% svarenda að heimanám sé of lítið.

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
5.1. Virkni foreldra í námi barna sinna	4,6	96	0,0	4,9	5.303	-0,3
5.2. Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu	4,4	95	-0,6	4,5	5.284	-0,1
5.3. Hæfileg heimavinna að mati foreldra	69,0%	60/87	-10,4%	73,3%	3750/5088	-4,3%
5.4. Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám	44,8%	39/87	6,6%	55,1%	2762/5052	-10,3%*
5.5. Væntingar foreldra um háskólanám	58,2%	39/67	-11,0%	76,9%	3136/4189	-18,7%*
5.6. Væntingar foreldra um iðnnám	26,9%	18/67	11,5%	13,6%	609/4189	13,3%*

Færri foreldrar en áður hafa væntingar um að börnin þeirra fari í háskólanám en miklu fleiri vonast til að þau stundi iðnnám að loknum grunnskóla.

Styrkleikar	Veikleikar
Ánægja foreldra með hvernig skólinn vinnur úr eineltismálum eykst milli ára.	Líðan barna í skólanum / kennslustundum versnar milli ára að mati foreldra.
Fleiri foreldrar telja að börnum þeirra líði vel í frímínútum en árið áður.	Nær helmingi svarenda finnst agi í skólanum of lítill.
Ánægja foreldra með stjórnun skólans eykst milli ára.	Tími sem foreldrar aðstoða nemendur við heimanám er umtalsvert minni en í samanburðarhópum en hefur þó aukist milli ára (barna er m.a. átt við aðstoð við heimalestur).

Starfsfólk

Í Egilsstaðaskóla vinna um 100 starfsmenn, nokkrir í hlutastarfi en meirihluti í fullu starfi. Viðhorf starfsfólksins koma fram í könnun Skólapúlssins sem er lögð fyrir í mars

Starfsmannasamtöl	Stjórnendur boða starfsfólk í starfsþróunarsamtöl á vormánuðum. Starfsfólk undirbýr sig fyrir samtalið með því að fylla út eyðublað.
Skólapúlssinn	Starfsfólk svarar könnun Skólapúlssins í mars. Þar er spurt um starfið, vinnustaðinn, stjórnun og kennarar fá sérstakar spurningar varðandi kennarastarfið, starfsumhverfi og símenntun.

Könnunin skiptist í 7 hluta: Hlutum 1 – 4 svarar allt starfsfólk: Starfið, starfsfólk, vinnustaðurinn, stjórnun. Hlutum 5 – 7 svara aðeins kennarar.


Starfsfólk Egilsstaðaskóla metur vinnuálag nú eins og samanburðarhópar í öðrum skólum.

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Vinnuálag	5,0	77	0,1	5,0	2.033	0,0
1.2. Skýrleiki hlutverks	4,3	77	0,0	4,8	2.029	-0,5*
1.3. Ágreiningur um hlutverk	4,9	77	-0,4	5,1	2.032	-0,2
1.4. Jákvæðar áskoranir í starfi	4,7	77	-0,1	5,0	2.031	-0,3

Enn virðist skorta á skýrleika hlutverka innan skólans en minni ágreiningur er þó um hlutverk en í fyrri könnunum. Í undirspurningum sést að 87% svarenda veit fremur oft eða oft hvað fellur undir ábyrgð þeirra.

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Leikni í starfi	4,2	76	-0,1	5,0	2.003	-0,8*
2.2. Skuldbinding til vinnustaðarins	5,2	76	0,4	5,1	2.002	0,1
2.3. Skörun vinnu og einkalífs	5,0	76	0,0	5,2	2.000	-0,2
2.4. Ræktun mannauðs	5,8	74	0,7	5,3	1.945	0,5*

Jákvæðar breytingar eru varðandi skuldbindingu starfsfólks til vinnustaðarins og fleiri álíta nú að vel ég hugsað um starfsfólk á vinnustaðnum (sp. 2.4).



Óhætt er að segja að niðurstöður starfsmannakönnunarinnar séu jákvæðar í mælipáttunum *Vinnustaðurinn* og *Stjórnun*. Starfsandi mælist mun betri en árið áður, starfsfólk verður síður vart við

mismunun en áður (5,3% hafa stundum tekið eftir mismunun í framkomu gagnvart körlum og konum á vinnustaðnum). Spurt er hvort starfsfólk hafi orðið fyrir einelti eða áreitni á vinnustöðum og nær 99% svara spurningunni neitandi.

3. Vinnustaðurinn

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Starfsandi	5,7	76	0,8	5,3	1.991	0,4
3.2. Ánægja með vinnuaðstöðu	5,1	71	-0,1	4,8	1.923	0,3
3.3. Stytting vinnuviku	76,4%	42/55	-2,2%	76,1%	1160/1525	0,3%
3.4. Ánægja með styttingu vinnuviku	38,1%	16/42	19,9%	42,7%	494/1157	-4,6%
3.5. Stuðningur frá samstarfsfólki	5,1	75	0,3	5,2	1.982	-0,1
3.6. Stuðningur við nýsköpun	5,4	75	0,4	5,2	1.975	0,2
3.7. Mismunur	4,3	75	-0,2	4,7	1.978	-0,4*
3.8. Einelti (þú)	1,3%	1/75	-3,2%	1,9%	38/1974	-0,6%
3.9. Einelti (annar en þú)	4,0%	3/75	-5,1%	6,5%	127/1958	-2,5%
3.10. Einelti (séð 2 eða fleiri lagða í einelti)	1,3%	1/75	-1,7%	2,3%	46/1958	-1,0%
3.11. Kynferðisleg áreitni	0%	0/75	0,0%	1,0%	20/1976	-1,0%

4. Stjórnun

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
4.1. Stuðningur frá næsta yfirmanni	5,3	74	-0,1	5,3	1.928	0,0
4.2. Sanngjörn forysta næsta yfirmanns	5,6	73	0,1	5,4	1.917	0,2
4.3. Valdeflandi forysta næsta yfirmanns	5,2	73	0,2	5,2	1.911	0,0
4.4. Stuðningur frá öðrum yfirmanni	5,6	73	1,5	5,3	879	0,3*
4.5. Sanngjörn forysta annars yfirmanns	5,8	73	1,3	5,3	875	0,5*
4.6. Valdeflandi forysta annars yfirmanns	5,4	70	1,0	5,1	866	0,3

Fleirum þykir forysta yfirmanna sanngjörn og telja sig fá stuðning frá þeim. Sýnilegur munur er nú á því hvort kennarar álíta sig fá stuðning vegna nemenda með námserfiðleika og sömuleiðis stuðning vegna hegðunarörðugleika.

6.2. Stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika nem.	5,2	35	0,8	5,2	1.004	0,0
---	-----	----	-----	-----	-------	-----

Markvisst hefur verið reynt að styðja kennara á þessum sviðum, bæði með aðkomu stjórnenda í nemendamálum og styrkingu stoðþjónustu. Kennarar í Egilsstaðaskóla hafa varið mun fleiri dögum í símenntun en samanburðarhópar og eru talsvert yfir landsmeðaltali í þessum matsþætti.


Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
7.1. Fjöldi daga í símenntun undanfarið ár	57,1%	24/42	15,9%	53,1%	597/1125	4,0%

Styrkleikar	Veikleikar
Starfsandi í Egilsstaðaskóla hefur batnað til muna frá síðustu mælingu.	Enn skortir á að starfsfólk viti nægilega vel hvert hlutverk hvers og eins er.
Starfsfólk upplifir sanngjarna og valdeflandi forystu frá yfirmönnum.	Færri eru ánægðir með styttingu vinnuvikunnar en í samanburðarhópum.
Kennarar í Egilsstaðaskóla hafa varið mun meiri tíma í símenntun á síðasta ári en samanburðarhópar.	Trú kennara á eigin getu er enn minni en samanburðarhópa.

Þróunarstarf og verkefni

Í Egilsstaðaskóla eru þrjú þróunarverkefni í gangi sem taka til alls skólastarfs.

Innleiðing **leiðsagnarnáms** hefur staðið undanfarin ár. Þróunarhópur leiðir starfið og hefur smátt og smátt lagt inn nýja þætti í leiðsagnarnáminu. Á haustfundum fóru fulltrúar hópsins yfir grunneiningar leiðsagnarnáms, sem er m.a. áhersla á námsmenningu. Hún felur í sér að reynt er að valdefla



nemendur þannig að þeir taki sjálfir ábyrgð á námi sínu. Traust þarf að myndast milli nemenda og starfsfólks og nemendur læra að taka áhættur og gera mistök. Með því öðlast þau aukna trú á eigin færni. Í vetur var áhersla lögð á að koma upp námsfélaga-menningu. Dregið er vikulega í sæti í flestum árgöngum og það er gert til að krakkarnir venjist því að sitja hjá öllum og þjálfast í að vinna með sem flestum. Þetta hefur þegar skilað árangri á þann veg að börnin eru jákvæðari í garð fleiri bekkjarfélaga og það hefur áhrif á bekkjaranda. Þróunarhópurinn hefur þegar lagt línur fyrir næsta skólaár en þá á að leggja áherslu á gróskuhugarfar, námsveggi og

þróunarhringi.

Uppeldi til ábyrgðar er hugmyndafræði sem byggir á uppbyggingu sjálfsaga hjá einstaklingum. Markmið hugmyndafræðinnar er að ýta undir ábyrgðarkennd og sjálfstjórn barna og unglinga og þjálf þau í að ræða um tilfinningar og átta sig á þörfum sínum. Þessi vinna miðar að jákvæðum samskiptum og að hver einstaklingur taki ábyrgð á eigin gerðum. Það er mannlegt að gera mistök og allir geta bætt sig. Þróunarhópur hefur stýrt innleiðingunni og fram að þessu hefur verið lögð áhersla á bekkjarsáttmála og að allir þekki hlutverk sitt. Næstu skref í innleiðingunni eru að innleiða sáttaborð og leggja meiri áherslu á að vinna með *mitt og þitt hlutverk*.



Heillaspor er heildræn nálgun til að styðja við farsæla nálgun barna í skóla- og frístundastarfi. Heillaspor kemur upphaflega frá Bretlandi en þar hefur verið unnið eftir hugmyndafræði Nuture í áratugi. Allt starfsfólk sat námskeið um Heillaspor í ágúst 2024 undir leiðsögn sérfræðinga frá Miðstöð menntunar og skólaþjónustu. Þróunarhópur tók svo við innleiðingunni innan skólans og var m.a. lögð áhersla umhverfið. Merkingar innanhúss voru bættar, starfsfólk fékk nafnspjöld sem allir ganga með, ákveðið var að opna kennslustofur fyrr á morgnana til að minnka streitu og árekstra á göngum í upphafi skóladagsins. Í Heillasporum er mikil

áhersla á að skólabragur sé góður og að góð tengsl hafi jákvæð áhrif á líðan nemenda og starfsfólks. Þannig stuðli verkefnið að bættri velferð allra í skólanum. Næsta skólaár hefst með námskeiði fyrir allt starfsfólk þar sem næstu skref Heillaspora eru stigin.

Í vor fékk Egilsstaðaskóli viðurkenningu sem Byrjendalæsissskóli í kjölfar úttektar sérfræðinga hjá Háskólanum á Akureyri. Unnið hefur verið samkvæmt aðferðum Byrjendalæsis um árabíl og kennarar á yngsta stigi

Annað þróunarstarf

Auk stærri verkefna sem er verið að innleiða fer margvíslegt annað þróunarstarf fram í skólanum og er það leitt í þróunarhópum sem funda reglulega. Hér er yfirlit yfir þá **þróunarhópa** sem hittust skólaárið 2024 – 2025 og þau verkefni sem hóparnir unnu að.

Þróunarhópur	Helstu verkefni í vetur	Næstu skref
Uppeldi til ábyrgðar	Fylgt eftir innleiðingu Uppeldis til ábyrgðar. Kynnt verkefni sem unnin eru sem hluti af innleiðingunni s.s. gerð bekkjarsáttmála, áherslu á að skilgreina hlutverk aðila o.fl.	Festa betur í sessi grunnþætti UTÁ, s.s. gerð bekkjarsáttmála og skilgreiningu hlutverka aðila. Markmiðið að kynna sáttaborð fyrir nemendum og starfsfólki og nýta það til að leysa ágreining.
Leiðsagnarnám	Grunneiningar leiðsagnarnáms festar í sessi í skólastarfinu. Áhersla á námsmenningu og námsfélaga. Þróunarhópurinn hefur kynnt þessi atriði fyrir kennurum skref fyrir skref.	Áhersla á gróskuhugarfar, að setja upp námsveggi í kennslustofum, vinna með þróunarhringi.
Heillaspor	Hópurinn skipti sér í verkefnahópa sem unnu að ákveðnum atriðum í innleiðingunni. – <u>Tilfærsla og breytingar</u> : Samræmdur viðtalsrammi, sent út fréttabréf. Kennslustofur opnaðar kl. 8.40 til að taka á móti nemendum í rólegheitum. <u>Umhverfi</u> : Starfsfólk ber nafnspjöld, merkingar í skólanum bætтар, starfsmannaveggur með myndum við hvert stig / árgang. <u>Skynjun og tengsl</u> : Áhersla á að auka og bæta tengsl starfsfólks og nemenda	Áframhaldandi vinna við að festa í sessi breytingar sem eru til þess ætlaðar að auka tilfinningalegt öryggi nemenda og starfsfólks og bæta tengsl.
Frímínútnafjör	Skoðaði hvernig hægt væri að styrkja afþreyingu í frímínútum. Þátttakendur í hópnum tóku að sér að stýra leikjum fyrir miðstig 2x í viku.	Vinna með hugmyndir hópsins um afþreyingu í frímínútum, m.a. hreystibraut og gerð fleiri pógóvalla.
Efling læsis og þróun móðurmálskennslu	Hópurinn lauk vinnu við uppfærslu á læsisstefnu skólans og henni skilað inn til umræðu. Fjallað um leiðir til að efla lestrarfærni og ánægju af lestri. Einnig rætt um orðræðu og notkun á lesferli. Rýnt í matsferil sem von er á frá MMS.	Samþykkja læsisstefnu og kynna fyrir skólasamfélaginu. Koma áherslum stefnunnar til framkvæmda.
Inngilding í Egilsstaðaskóla	Rýnt hvernig Egilsstaðaskóli stendur að inngildingu nemenda. Skoðað hvernig tekið er á móti nemendum, rýnt í	Hópurinn kallaði eftir upplýsingum frá kennurum um hvað er kennt í hverjum árgangi.

	móttökuáætlanir, verkferla og skólaumhverfið.	þarf að vinna úr þeim upplýsingum og setja saman áætlun. Endurskoða hvaða hæfniviðmið eru í skólanámskrá.
Upplýsingatækni í skólastarfi / stafræn borgaravitund	Hópurinn skoðaði stafræna borgaravitund og bað kennara um að prófa það efni sem var búið að taka saman fyrir hvern árgang (amk ein kst). Yfirfarnar áskriftir sem skólinn er með að forritum og vefsíðum og sigtað út hvað er notað. Endurskoðuð hæfniviðmið í aðalnámskrá voru skoðuð og þeim skipt niður á árganga.	Áframhaldandi vinna við að kynna stafræna borgaravitund. Unnið verður skv. nýjum hæfniviðmiðum í upplýsingatækni og hópurinn mun ráðgefa kennurum með hvaða verkefni má tengja við hæfniviðmiðin.

Tveir kennarar við Egilsstaðaskóla tóku þátt í rannsóknar- og þróunarverkefninu *Sjálfbær starfsþróun kennara til að auka gæði náms og kennslu í íslensku og raungreinum með aðstoð myndbandsupptöku í kennslustundum (SÆG)*.

Gögnum er safnað með myndbandsupptökum og viðtölum við kennara og þannig reynt að greina mögulegar umbætur í kennslu. Rannsóknin er nátengd norrænu öndvegissetri um gæði í kennslu (QUINT) sem veitir faglegan og tæknilegan stuðning við rannsóknina og aðgang að gagnagrunnum sem nýtast. Kennararnir sátu námskeið haustið 2024 og fóru svo í vettvangsferð til Osló á vordögum.

Þrír kennarar tóku þátt í starfi *Útinámshóps* á vegum Múlapings sem var hluti af Erasmus verkefni. Markmið verkefnisins var að efla útikennslu í skólum í sveitarfélaginu. Hópurinn fór til Noregs á vordögum á námskeið sem var haldið utandyrá.

Mat á stöðu nemenda

Mikilvægur þáttur í skólastarfi er margvíslegt mat á stöðu nemenda. Ýmis mælitæki eru notuð til að kanna færni nemenda, bæði skimanir og fjölbreytt mat á verkefnum nemenda. Þrisvar á ári er lesferill lagður fyrir alla nemendur en það er mæling á lestrarhraða. Orðarún er lesskilningspróf sem nemendur frá 3. bekk taka einu sinni á ári. Unnið er úr niðurstöðum þessara skimana og metin stuðningsþörf nemenda þar sem það á við.

Lestrarskimanir

Skimanir / próf	Árgangar	Tímasetningar
Menntamálastofnun/lesferill	1.– 10. bekkur	september, janúar, maí
Orðarún	3. – 10. bekkur	nóvember

Í niðurstöðum lesfimiprófa sést að 6 af 10 árgöngum í Egilsstaðaskóla eru samhliða eða yfir landsmeðaltali í mælingu lesinna orða. Annar, fimmti og sjötti bekkur eru undir landsmeðaltali í leshraða. Skoða þarf þessar niðurstöður í samhengi við niðurstöður matsferils sem var lagður fyrir nemendur í 4. – 10. bekk. Hægt er að leggja ítarlegri skimunarpróf fyrir ef ástæða þykir til.


Pisa og Matsferill




Þann 18. og 19. febrúar var **Pisa próf** lagt fyrir nemendur í 10. bekk. Nánast allir nemendur í árgangnum tóku prófið en nokkrir tóku styttri útgáfu (UH), sem nú var í boði. Mjög ströng umgjörð er um fyrirlögnina og utankomandi prófandi kemur í skólann til að leggja prófið fyrir. Áhersla í PISA að þessu sinni var á lesskilning, skilning á stærðfræði og náttúrufræði og færni í upplýsingatækni. Undirbúningur fyriragnarinnar hófst í byrjun desember en skila þurfti ýmiskonar gögnum inn til mennta- og barnamálaráðuneytis vegna prófsins. Meðal þess sem þurfti að ganga úr skugga um var að nettengingar í skólanum stæðust álag vegna fyriragnarinnar. Niðurstaða þeirra prófana var að

netsambandið var ófullnægjandi. Það reyndist því nauðsynlegt að bæta við netbeinum, sem prófandinn kom með á prófdögum og sömuleiðis bætti umsjónarmaður tölvumála hjá Múlapingi við netbeinum. Þetta dugði til að netsamband hélst stöðugt á meðan prófið stóð yfir.

Hlutföll nemenda eftir frammistöðu samkvæmt viðmiðum Egilsstaðaskóli, maí 2025




Meðaltal lesinna orða og viðmið eftir árgöngum Egilsstaðaskóli, maí 2025



Egilsstaðaskóli var meðal 26 grunnskóla sem lögðu **matsferil** fyrir í 4. – 10. bekk. Fyrirlögnin stóð yfir á tímabilinu 31. mars til 10. apríl. Kennarar höfðu undirbúið nemendur fyrir prófin með því að láta þau fara í gegnum sýnispróf sem MMS sendi út. Langflestir nemendur tóku prófin enda var áhersla lögð á það frá MMS að sem flestir nemendur spreyttu sig á prófunum þannig að sem mestar upplýsingar fengjst úr þessari síðustu þróunarfyrirlögn. Fyrirlögnin gekk að flestu leyti vel þó að vandræði með nettengingar kæmu aðeins upp.

Mynd1



Raðeinkunn er einkunn á bilinu 1 til 99 og sýnir stöðu nemanda miðað við árganginn á landsvísu. Nemandi sem fær raðeinkunnina 60 stendur sig jafn vel eða betur en 60% nemenda á landinu öllu.

Mælitala lýsir stöðu nemanda miðað við jafnaldr, sem gerir það kleift að bera saman niðurstöður milli ólíkra prófa.

Öryggisbil eru notuð til að undirstrika þá óvissu sem fylgir öllum mælingum, eins og t.d. dagsform nemanda. Því er frammistaða á prófum oft sett fram sem ein mælitala (t.d. 10) ásamt viðara bili (t.d. 9-11), sem nemandinn gæti verið innan ef hann tæki prófið aftur.

Niðurstöður bárust í byrjun júní og er árangur nemenda í Egilsstaðaskóla mjög vel viðunandi. Prófað var í lesskilningi og stærðfræði. Ekki var heimilt að leyfa nemendum að hlusta á texta og engin hjálpargögn voru leyfð.


Myndin sýnir hvar nemendur í Egilsstaðaskóla standa í samanburði við samanburðarhópa (hringirnir mv. línu). Tveir árgangar eru fyrir neðan meðaltal í lesskilningi og einn í stærðfræði.

Í lesskilningi er frammistaða 32% nemenda betri en jafnaldr en miðað er við að þar séu 25% nemenda.


Nemendur í Egilsstaðaskóla standa því ágætlega miðað við jafnaldr. Það er mat stjórnenda að vel hafi tekist til með fyrirlögnina. Miklu skipti að verkefnisstjóri tæknimála var til staðar til að aðstoða kennara með tæknilegar hliðar og passað var upp á að aðeins tveir hópar væru í fyrirlögn á hverjum tíma með það huga að álag á netkerfi skólans væri ekki of mikið.

Í stærðfræði er frammistaða tæplega 50% nemenda svipuð og jafnaldr en 28% skila betri árangri en jafnaldrar.

Samantekt á stöðu skóla í lesskilningi



Samantekt á stöðu skóla í stærðfræði



Skólastjórnendur hyggjast leggja til við kennara að nemendur í 4. – 10. bekk taki matsferil á næsta skólaári enda fást mikilvægar upplýsingar um stöðu nemenda í niðurstöðum. Fulltrúar í skólaráði hafa einnig lýst vilja til að matsferill sé lagður fyrir þessa árganga. Með niðurstöðunum er enn frekar hægt að sníða námsefni að þörfum einstakra nemenda og hópa ef þurfa þykir.

Samstarf við aðila utan skólans

Egilsstaðaskóli er í samstarfi við ýmsa aðila utan skólans.

Aðilar	Tengsl	Verkefni
Félagsmiðstöðin Nýung	Starfsmenn koma í skólann og ræða við nemendur.	Ýmis fræðsla, skemmtanir, skipulag Forvarnadags að vori. Námskeið í Nýung í boði sem hluti af vali á elsta stigi.
Tónlistarskóli Fljótsdalshéraðs	Aðkoma að árshátíðum skólans og viðburðum yfir skólaárið.	Kennarar og nemendur tónlistarskólans taka þátt í árshátíðum skólans með þjálfun og undirspili. Auk þess spila nemendur tónlistarskólans á viðburðum í skólanum.
Félagsþjónusta Múlapings / ALL-teymið	Reglulegir vinnu- og fundadagar í skólanum samkvæmt skipulagi.	Funda og vinna með starfsfólki og foreldrum vegna málefna einstakra nemenda
Skólaþjónusta og félagsmálasvið Múlapings	Sálfræðingar og kennsluráðgjafi koma í skólann vegna málefna einstakra nemenda og framkvæmd skimana. Talmeinafræðingur kemur í skólann.	Kennsluráðgjafi leggur fyrir skimanir, bæði fyrir árganga og einstaka nemendur. Sálfræðingar leggja fyrir matslista og vinna að málefnum nemenda. Talmeinafræðingur frá Skólaþjónustu tekur börn í greiningu og þjálfun. Skv. samningi er fjarþjónusta frá talmeinafræðingi í Danmörku.
HSA	Skólahjúkrunarfræðingar hafa viðveru í skólanum.	Tveir skólahjúkrunarfræðingar hafa sinnt helstu verkefnum eftir því sem mögulegt hefur verið. Nemendum er vísað til þeirra í samtöl en einnig eru föst verkefni í árgöngum, s.s. fræðsla um sjálfsmynd, bólusetningar, mælingar auk þess sem hjúkrunarfræðingar sitja í Nemendaverndarráði.
Íþróttafélagið Höttur	Fylgd í Íþróttahús / stuðningsfulltrúar	Höttur stýrir verkefninu „Allir með“. Þar gefst nemendum í 1. og 2. bekk kostur á að prófa nokkrar íþróttagreinir. Stuðningsfulltrúar hafa fylgt nemendum / hópum í Íþróttahúsið á ákveðnum tímum eftir þörfum.
Fyrirtæki í sveitarfélaginu	Taka nemendur í starfsnám.	Nemendur á unglingastigi geta verið í starfsnámi að hluta og þá samið um það sérstaklega.
Menningarmiðstöð Fljótsdalshéraðs	Tekið á móti nemendum vegna ákveðinna verkefna.	Nemendur sækja sýningar og viðburði á vegum MMF.
Minjasafn Austurlands	Nemendum boðið í safnið.	Safnakennsla á vegum MA.
Leikskólinn Tjarnarskógur	Unnið samkvæmt samstarfsáætlun skólanna. https://www.egilsstadaskoli.is/static/files/hagnytt/samstarf-vid-leikskolann-2014-15.pdf	Skólaheimsóknir 2 – 3 sinnum til að undirbúa verðandi nemendur.
ME/VA	Kynningarheimsóknir / skilafundir	Nemendur heimsækja ME / VA til að kynna sér námsframboð og aðstöðu. Fundað er vegna nemenda í 10. bekk að vori sem hafa sótt um skólavist.

Vatnajökulspjóðgarður	Fræðsla fyrir nemendur Samstarfsverkefni	Að vori fer 5. bekkur í heimsókn í Snæfellsstofu.
Austurbrú	BRAS (Menningarhátíð barna og ungmenna á Austurlandi)	Ýmsir viðburðir í boði fyrir nemendur.



Stóra upplestrarkeppnin var haldin eftir áramót og fór lokahátíð norðursvæðis Austurlands fram á Egilsstöðum í mars. Þrír nemendur úr Egilsstaðaskóla tóku þátt í Héraðshátíðinni og hlutu fyrstu og þriðju verðlaun. Litla upplestrar var haldin í maí en þar æfa nemendur í 4. bekk sig í margþættum upplestri, s.s. kórlestri, skiptilestri, ljóðalestri o.fl.

Litla upplestrarkeppnin var flutt í Tjarnargarðinn þar sem fádæma veðurlíða var þann dag.

Skólinn sendi lið til keppni í **Skólahreysti** á Akureyri. Sex nemendur æfðu stíft í aðdraganda keppinnar og stóðu sig með mestu þryði. Hópur stuðningsmanna fylgdi liðinu norður ásamt þjálfaranum, Valgeiri Sveini Eypórssyni og aðstoðarfólki.



Samantekt

Í sístækkandi skóla er mikilvægt að missa ekki sjónar á mikilvægi tengsla og umhyggju fyrir hverjum einstaklingi. Þróunarverkefni, sem skólinn er að innleiða, miða að þessum þáttum hvert með sínum hætti. Í leiðsagnarnámi er lögð áhersla á að styðja nemendur þannig að þeir séu virkari og ábyrgari gagnvart eigin námi. Kennarar leiðbeina á uppbyggjandi og jákvæðan hátt og áhersla er á að nemendur æfist í að vinna með öðrum til að þjálfra samvinnu og samkennd. Uppeldi til ábyrgðar er agastefna sem hefur það að markmiði nemendur þekki þarfir sínar og hlutverk og að einstaklingum sé leiðbeint útfrá mismunandi þörfum þeirra. Heillaspor miðar að því að bæta tengsl allra sem starfa í skólanum; allir geti gengið útfrá því að í þeir búi við tilfinningalegt öryggi meðal annars með því að fyrirsjáanleiki sé í skólastarfinu og að allir njóti virðingar.

Ýmis matstæki eru notuð til að greina styrkleika og veikleika í skólastarfinu. Viðamestu gögnin koma úr könnunum Skólapiðsins en þar svara nemendur í 2. – 10. bekk, foreldrar og forsjáraðilar og starfsfólk. Betri svörun fékkst úr foreldrakönnun að þessu sinni sem er mjög jákvætt. Foreldrar eru ánægðari með stjórnun skólans en áður en telja enn að agi sé of lítill í skólanum. Nemendur eru almennt nokkuð ánægðir í skólanum og líður vel en ánægja af lestri, stærðfræði og íslensku er enn undir landsmeðaltali. Starfsandi í Egilsstaðaskóla mælist nú betri en fyrri ár og ýmsir mæliþættir koma betur út en árið áður.

Mælingar á árangri nemenda eru margvíslegar, m.a. matsferill sem metur stöðu nemenda í lesskilningi og stærðfræði. Lestrarfærni nemenda er metin með nokkrum mælingum yfir skólaárið enda áríðandi að grípa snemma inn í ef nemendur ná ekki tökum á lestri og lesskilningi. Úrbótaáætlun fylgir þessari matsskýrslu sem og mat á úrbótaáætlun skólaársins 2023 – 2024. Skýrslan verður kynnt í skólaráði og fyrir Fjölskylduráði Múlaþings auk þess sem niðurstöðurnar eru kynntar fyrir aðilum skólasamfélagsins.

Fylgiskjal 1

Matsáætlun



Sjálfsmat Egilsstaðaskóla fer fram með gagnasöfnun, m.a. úr könnunum *Skólapúlsins* en auk þess eru nýttar niðurstöður annarra kannana s.s. *Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar*. Stjórnendur og kennarar afla gagna, sem eru rýnd og nýtt til umbóta í skólastarfinu.

Skólapúlsinn - Nemendakönnun

Þátttakendur: Nemendur

Hvenær er metið: 2.-5. bekkur í október. 6-10. bekkur yfir skólaárið

Hver metur: Vísar rannsóknir

Niðurstöður eru kynntar á starfsmannafundur að vori.

Umbótaáætlun er kynnt á starfsmannafundi með áherslum í skólastarfi að hausti.

Samanteknar niðurstöður sendar foreldrum að hausti.

Skólapúlsinn - Starfsmannakönnun

Þátttakendur: Starfsmenn

Hvenær er metið: Mars á hverju ári

Hver metur: Vísar rannsóknir

Niðurstöður eru kynntar á starfsmannafundur að vori. Umbótaáætlun er kynnt á starfsmannafundi með áherslum í skólastarfi að hausti.

Skólapúlsinn - Foreldrakönnun

Þátttakendur: Foreldrar

Hvenær er metið: Febrúar á hverju ári

Hver metur: Vísar rannsóknir

Niðurstöður kynntar á starfsmannafundur að vori. Samantekt send á foreldra að vori. Umbótaáætlun kynnt á starfsmannafundi með áherslum í skólastarfi að hausti. Umbætur kynntar foreldrum á skólasetningu að hausti.

MMS - Íslenska æskulýðsrannsóknin

Þátttakendur: Nemendur í 4. - 10. bekk

Hvenær er metið: Haust ár hvert

Hver metur: Háskóli Íslands fyrir MMS

Niðurstöður kynntar þegar þær hafa borist skólanum. Kennarateymi hvers árgangs fær niðurstöðurnar til skoðunar.

Starfsmannasamtöl

Þátttakendur: Starfsmenn

Hvenær er metið: mars – maí á hverju ári

Hver metur: Stjórnendur

Efni samtalanna nýtt til umbóta.

Sjálfsmat nemenda í aðdraganda nemendastýrðra samtala

Þátttakendur: Nemendur

Hvenær er metið: Febrúar

Hver metur: Nemendur í 1.-10. bekk

Fylgiskjal 2



Egilsstaðaskóli

Innra mat 2024 - 2025

Úrbótaáætlun vegna matsskýrslu Egilsstaðaskóla fyrir skólaárið 2024 - 2025

Verkefni	Markmið	Leiðir	Ábyrgð á framkvæmd
Í kringum 40% barna í 3. – 5 bekk finnst mjög eða frekar leiðinlegt að lesa sér til gamans heima og svipað hlutfall nemenda eða herra finnst frekar eða mjög leiðinlegt að lesa skólabækurnar sínar.	Auka ánægju barna af lestri, bæði heima fyrir og í skólanum.	Ávallt sé gott aðgengi að áhugaverðu lesefni fyrir börnin, bæði í lestri í skólanum og fyrir heimalestur. Bókakostur á bókasafni skólans sé fjölbreyttur og nýtt efni kynnt fyrir nemendum jafnt og þétt. Fræðsla fyrir forráðafólk um leiðir til að styðja við börnin í lestri, m.a. með samtali, spilum og aðgengi að lesefni heima fyrir. Lestrarsprettir með þátttöku heimila.	Umsjónarkennarar, umsjónarkona bókasafns, stöðjónusta, stjórnendur, forráðafólk
Tíðni eineltis meðal stráka er heldur meiri en árið áður (6. – 10. bekkur).	Ávallt skal stefnt að því að ekki mælist einelti meðal barnanna í skólanum.	Huga þarf að samskiptum drengja, sérstaklega á miðstigi. Styrkja þarf bekkjaranda m.a. með því að nota Verkfærakistu KVAN. Virkja þarf tengiforeldra til að efna til viðburða fyrir börnin, má gjarnan vera kynjaskipt stundum. Vinna með hugmyndafræði Uppeldis til ábyrgðar og nýta þætti eins og sáttaborð til að hjálpa börnunum að leysa ágreining með samtali.	Umsjónarkennarar, annað starfsfólk skólans, stjórnendur, forráðafólk,
Tími sem foreldrar aðstoða nemendur við heimanám er umtalsvert minni en í samanburðarhópum en hefur þó aukist milli ára (þarna er m.a. átt við aðstoð við heimalestur).	Stuðningur foreldra og forsjáraðila sé amk jafn og samanburðarhópa.	Stefna Egilsstaðaskóla er að heimanámi sé haldið í lágmarki. Þjálfun í lestri utan skólans er þó nauðsynlegur hluti þess að ná góðum tókum á lestri. Fræðsla til forráðafólks um gildi heimalesturs og leiðir til að styrkja orðaforða barna. Forráðafólk hvatt til að lesa fyrir börn heima.	Umsjónarkennarar, forráðafólk, þróunarhópur um læsi
Trú kennara á eigin getu er enn minni en samanburðarhópa.	Kennarar öðlist meiri trú á eigin getu.	Nýir kennarar þurfa að fá markvissa leiðsögn þegar þeir hefja störf. Efla þarf sjálfstraust kennara og styðja við frumkvæði þeirra í starfi. Stjórnendur þurfa að styðja vel við bakið á kennurum í störfum þeirra, gefa svigrúm til starfsþróunar og tryggja að kennarar hafi þær bjargir sem eru nauðsynlegar þeim í starfi.	Stjórnendur, leiðsagnarkennari



Mat á úrbótaætlun vegna matsskýrslu Egilsstaðaskóla fyrir skólaárið 2023 - 2024

Verkefni:	Markmið:	Leiðir:	Mat á úrbótaáætlun
Ánægja barna í 2. – 5. bekk lestri er minni en í samanburðarhópum	Ánægja barna mælist jöfn eða meiri en í samanburðarhópum. Fá foreldra og forsjáraðila til aukins samstarfs til að efla lestraránægju. Bjóða upp á fleiri notaleg svæði til lestrar. Hafa bækur sýnilegar, hvetja foreldra og forsjáraðila til að sýna börnum bækur	○ Auka framboð af lestrarsvæðum í skólanum og fjölbreyttu lesefni á bókasafni. ○ Fjölbreyttara og áhugaverðara lesefni í heimalestri. ○ Lestur fyrir nemendur og notkun hljóðbóka til að auðvelda þeim sem eiga við lestrarerfiðleika að stríða. ○ Reglulegur yndislestur og lestrarhópar á bókasafni. ○ Boðið upp á upplestur bóka á bókasafninu fyrir yngsta og miðstigi. ○ Fá eldri borgara, eða aðra hópa, inn í skólann til að hlusta á nemendur og gefa endurgjöf. ○ Hafa bækur sýnilegar og hvetja foreldra & forsjáraðila til að sýna börnum bækur og lesa fyrir þau. ○ Lesa í minni leshópum í skólanum. ○ Velja lesefni barna með tilliti til færni þeirra. ○ Efnt til viðburða á bókasafninu. ○ Lestraráttök með þátttöku foreldra ○ Nemendaráð taki að sér kynningar á fjölbreyttum bókum fyrir yngri nemendur	Ánægja barna af lestri eykst í ákveðnum árgöngum á yngsta stigi. Ánægja barna í 6. – 10. bekk eru nú söm og samanburðarhópa á landinu. Á bókasafni er boðið upp á árstíðabundna bókaklúbba (hrollvekju-, jóla-, krúttklúbba) sem hafa notið mikilla vinsælda. Samstarf við Bókasafn Héraðsbúa varðandi sumarlestur. Bókakostur á yngsta stigi hefur verið grísjaður og endurnýjaður. Í vali á yngsta stigi er m.a. boðið upp á lestrarhópa.
Um helmingi foreldra, sem svara Skólapúlsinum, finnst agi í skólanum of lítill. Nemendur í 6. – 10. bekk telja vera of lítinn agi í kennslustundum.	Efla góðan og jákvæðan skólabrag og bekkjaranda. Styrkja og skýra verkferla þegar agabrot verða. Bæta aga hjá börnum á skólatíma og þar með líðan þeirra. Skapa ró og gott vinnuumhverfi í skólastofum. Virkja foreldra til samvinnu við skólann.	○ Skýrar og sýnilegar reglur og áhersla á mikilvægi þess að fara eftir reglunum. ○ Skýrar afleiðingar ef nemendur víkja frá reglum. ○ Skrá atvik í Mentor til að halda utanum mál nemenda. ○ Nýta verkfæri <i>Uppeldis til ábyrgðar</i> til að styrkja sjálfstjórn nemenda. ○ Hópefli; auka traust milli nemenda. ○ Bjóða upp á kynjaskipta hópa (öðru hverju). ○ Styrkja samstarf heimila og skóla. ○ Foreldrar og forsjáraðilar séu ávallt upplýstir um hegðun barna sinna í skólanum. ○ Fræðsla fyrir foreldra. ○ Nýta aðferðir KVAN til að bæta bekkjaranda, samvinnu og efla jákvæða leiðtoga.	80% foreldra telja að barni þeirra líði vel í skólanum. Tengsl nemenda við kennara eru betri en fyrra ár. Nemendum finnst agi meiri en áður. Samsömun nemenda við nemendahópinn eykst. Mikil áhersla hefur verið á að nýta aðferðir KVAN / Verkfærakistuna og sérfræðiráðgjöf fengin frá KVAN. Unnið eftir hugmyndafræði Heillaspora með því m.a. að opna kennslustofur fyrr á morgnana til að minnka

		○ Vinna eftir aðferðum leiðsagnarnáms þar sem m.a. er lögð áhersla á námsfélaga. ○ Setja upp hegðunarver fyrir nemendur sem ekki virða umgengnisreglur í skólanum. Þar sé áhersla á hreyfingu í upphafi dags. ○ Brjóta kennslustundir upp með leikjum og/eða útiveru.	troðning á göngum og styrkja tengsl nemenda og kennara. Aðferðir leiðsagnarnáms nýttar (námsfélagar, dregið í sæti vikulega í flestum árgöngum).
Áhugi á stærðfræði og náttúrufræði er mælanlega undir landsmeðaltali.	Efla náttúrufræðikennslu og þar með auka áhuga. Mæta áhuga nemenda og sýna þeim mismunandi leiðir og tilgang. Faggreinakennsla efla á unglingastigi og á miðstigi.	○ Fleiri verklegar æfinga / tilraunir. Skipuleggja tæki og tól. ○ Fjölbreytni í skilaleiðum og mati. ○ Kynjaskipting öðru hverju (óöryggi í blönduðum hópi) ○ Minnka vægi áætlaða í stærðfræði; fjölbreyttari nálgun. ○ Nýta óhefðbundnar leiðir; minnka vægi kennslubóka. ○ Vinna með fá markmið í upphafi og bæta smám saman við. ○ Fá utanaðkomandi aðila inn í skólann til að fræða nemendur. ○ Aðlaga áætlanir, námsefni, styrkja undirstöðu, verkefni séu við hæfi. ○ Aukin hóp- og paravinna og umræður um námsefnið. ○ Nýta leiðir leiðsagnarnáms, m.a. unnið markvisst með námsfélaga. ○ Kannanir teknar með námsfélögum. ○ Sjálfstraust nemenda eflt með samvinnu námsfélaga. ○ Fylgst sé með nýjungum í námsefni og þau séu aðgengileg. ○ Nám að einhverju leyti byggt á vali og áhugasviðsverkefnum.	Áhugi á stærðfræði jókst lítillega frá fyrra ári. Árangur nemenda í matsferli benda til þess að nemendur hafi nokkuð góð tök á stærðfræði í flestum árgöngum. Ýmsar nýjungar teknar upp í stærðfræði s.s. vinna með námsfélögum, munnleg skil á matsverkefnum, útiverkefnum o.fl.
Kennurum finnst þeir ekki fá nægan stuðning vegna hegðunarörðugleika nemenda.	Kennurum finnst þeir fá nægan stuðning og séu öruggir í starfi. Fjölga þarf aðkomu fleiri fagstétta til að styðja við kennara í erfiðum hegðunarmálum (t.d. hegðunarráðgjafa, þroskþjálfara, iðjuþjálfara)	○ Samræmt verklag og skýrir verkferlar innan skólans til að tryggja að tekið sé á hegðunarmálum. Það sé vel kynnt fyrir nemendum og foreldrum. ○ Gera þarf viðbragðsáætlun vegna alvarlegra ofbeldisbrota. ○ Auka stuðning, sérstaklega á yngsta stigi. ○ Skýra boðleiðir svo sé ljóst hvert á að leita eftir aðstoð. ○ Óskað sé eftir viðveru foreldra & forsjáðila ef hegðun barna er slæm. ○ Fleira fagfólk og úrræði fyrir nemendur sem hafa erfiða hegðun. ○ Meiri sérfræðiaðstoð inn í hópa til aðstoðar og virkja allt teymið (ekki bara kennara). ○ Meiri fræðsla fyrir allt starfsfólk. ○ Námsveri sé komið á fót þar sem er tekið á móti nemendum sem þurfa meiri einstaklingsbundna aðstoð (í anda Nurture) og aðlögun að námi.	Mikil breyting til hins betra frá fyrra ári. Kennarar eru mun ánægðari með stuðning stjórnenda en áður. Stjórnendur hafa markvisst reynt að bregðast fljótt við ef kennarar hafa óskað eftir aðstoð vegna hegðunar nemenda. Fengin sérfræðiaðstoð frá KVAN og unnið markvisst með Verkferakistu KVAN. Óskað eftir aðkomu foreldra m.a. með viðveru í skólanum. Þroskþjálfari og félagsfærnikennari fengin í tímabundin sprettverkefni.

		○ Fræðsla frá utanaðkomandi aðilum til foreldra um gildi samstarfs heimila og skóla. ○ Stjórnendur séu sýnilegir á öllum stigum.	
Bæta þarf skýrleika hlutverka innan vinnustaðarins.	Starfsfólk fái ítarlegar upplýsingar um hlutverk sitt með starfslýsingum og skilji þannig hlutverk sitt betur. Að hausti sé fundað með teyminum og farið yfir hlutverk og ábyrgð aðila í teyminu. Bæta upplýsingaflæði innan vinnustaðarins.	○ Vantar skýrara verklag fyrir móttöku nýs starfsfólks. Eftirfylgni með nýju starfsfólki meðan það aðlagast á vinnustaðnum. ○ Starfsmannahandbók – starfslýsingar. ○ Starfsfólk fái upplýsingar um hvert það á að leita með fyrirspurnir og úrlausnarefni. Bæta upplýsingaflæði og tryggja að allir fái upplýsingar frá til þess bærum aðilum. ○ Teymi þurfa að hittast reglulega til að miðla upplýsingum og skipta með sér verkum. ○ Skýra verkstjórnarhlutverk umsjónarkennara. ○ Skilgreina hlutverk stuðningsfulltrúa vs sérkennara; Skrá niður verkaskiptingu. ○ Stefnum skólans, sem unnið er eftir, séu kynntar fyrir öllu starfsfólki og þær hafðar sýnilegar.	Fleiri virðast nú meðvitaðir um hlutverk sitt enda áhersla á að teymi vinni þétt saman og skipti verkefnum á milli sín. Starfsmannahandbók gefin út að hausti með hagnýtum upplýsingum um starf skólans.

Við gerð úrbótaáætlunar var m.a. leitað álits hjá starfsfólki og skólaráði Egilsstaðaskóla.